

ÖRNEFNI

Leiðbeiningar handa sveitarfélögum um nafngiftir býla, gatna,
sveitarfélaga og náttúrufríbæra



Efnisyfirlit

1.	Nöfn nýbýla	3
	Tilkynningar	
	Nafn valið	
	Ráðgjöf	
	Skráning	
2.	Nöfn gatna	5
3.	Breytingar á nöfnum býla	5
	Ráðgjöf	
4.	Ný sveitarfélög og breytingar á nöfnum sveitarfélaga	6
5.	Ágreiningur um örnefni	6
	Örnefni í opinberum gagnagrunni	
	Ný og breytt bæjarnöfn, götunöfn o.fl.	
	Vegvísar	
	Nöfn á náttúrufyrirbærum	

Kápumynd: Þórisstaðir í Svínadal.

Ljósmyndir: Guðni Hannesson.

Leiðbeiningar um nafngiftir býla, gatna, sveitarfélaga og náttúrufyrirbæra

Örnefni, þar með talin bæjanöfn og götuheiti, eru hluti af menningararfi íslensku þjóðarinnar og hafa mörg hver varðveist frá upphafi búsetu í landinu. Samkvæmt lögum um örnefni nr. 22/2015 ber að vernda þessar minjar eftir því sem kostur er, enda telur Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (e. UNESCO) viðhald menningararfða af þessu tagi mikilvægt.

1. Nöfn nýbýla

Tilkynningar

Tilkynna skal sveitarstjórn um nafn á nýju lögbýli eða nýju lögheimili á lóð í dreifbýli og fá það samþykkt áður en það er skráð í opinbera gagnagrunna. Í tilkynningu eiganda skal greina frá þeim ástæðum er ráðið hafa vali á nafni. Sé nafn dregið af staðháttum eða örnefni í nágrenni skal því lýst.

Nafn valið

Þegar býli er gefið nafn skal einkum litið til eftirfarandi atriða (sbr. lög um örnefni nr. 22/2015, 1. gr. a–c).

1. Vegna öryggissjónarmiða er óheimilt að sama nafn sé á fleiri en einu býli innan hverfis. Sveitarfélög bera ábyrgð á afmörkun hverfa innan sinna marka, nafngift þeirra og merkingum (sbr. reglugerð um skráningu staðfanga: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/srn/nr/0577-2017>). Ef ekki er hægt að tryggja einkvæmni staðfanga innan hverfis, svo sem vegna örnefnaverndar, er heimilt að nota viðbætt auðkenni til aðgreiningar. Viðbætt auðkenni getur t.d. verið nafn á hrepp eða byggðarlagi, sbr. *Möðruvellir í Hörgárdal* og *Möðruvellir í Eyjafirði* eða *Kirkjuból á Litlanesi* og *Kirkjuból*

á *Bæjarnesi*. Sama nafn á tveimur eða fleiri býlum getur t.d. tafið lögreglu og sjúkraflutninga og truflað póstútburð.

2. Samræmi skal vera á milli nafns og næsta umhverfis býlis. Þannig taka nöfn eins og t.d. *Brekka*, *Eyri*, *Hlíð*, *Holt*, *Hvammur*, *Laugar*, *Skógar* og *Slétta* mið af landslagi og staðháttum í umhverfi sínu. Mörg nöfn af þessum toga eru til samsett. Dæmi um það eru t.d. nöfnin *Kýrholt*, *Lambeyri*, *Laugafell*, *Skuggahlíð* og *Snæhvammur*.

3. Býli getur dregið nafn sitt af örnefni í nærumhverfi enda sé örnefnið áberandi kennileiti. Dæmi um þetta eru t.d. býlin *Víkingavatn* og *Pingmúli*.

4. Nafn getur fengið afmarkandi viðmiðun er varðar stefnu, stærð eða samanburð. Dæmi um þetta eru t.d. nöfnin *Syðri-Ey* og *Ytri-Ey*, *Litla-Sandfell* og *Stóra-Sandfell*.

5. Nafn getur vísað til landnytja. Dæmi um slík nöfn eru t.d. *Hrosshagi* og *Sauðhagi*.



Hellisholt, Flúðir í bakgrunni.

6. Við myndun nafna skal fylgja íslenskum orðmyndunarreglum. Þannig getur nafn verið ósamsett orð eins og t.d. *Hóll* eða *Hólar*. Af þessu má svo mynda ýmsar samsetningar. Það sýna nöfn eins og *Hólkot*, *Hólshús* og *Hólabrekka* annars vegar, *Grænhóll* og *Freyshólar* hins vegar.

7. Þegar greint er á milli býla með sama nafni, sem orðið hafa til með skiptingu jarðar, eru notaðir rómverskir tölustafir. Þannig greinist *Hamar II* frá *Hamri* enda er talan I þá undanskilin.

8. Við ritun nafna skal fylgja íslenskum ritreglum, sjá <http://www.arnastofnun.is/page/ritreglur>. Ástæða er til að vekja athygli á reglum um notkun bandstriks sem er notað á milli nafnlíða þar sem síðari hlutinn er sérnafn sbr. einnig lið 4.

9. Enn fremur skal vakin athygli á því að ekki er æskilegt að nota nöfn núlifandi manna í nöfnum býla og sveitarfélaga vegna öryggissjónarmiða. Viðbúð er að breytingar verði á slíkum bæjarnöfnum við eigendaskipti en slíkt eykur hættuna á ruglingi, t.d. misræmi milli prentaðra/stafrænna korta, leiðsögutækja og landfræðilegra gagnagrunna. Rangar upplýsingar geta t.d. tafið lögreglu og sjúkraflutninga og haft áhrif á póstútburð.

Ráðgjöf

Sérfræðingar á nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (áður Örnefnastofnun Íslands) veita sveitarfélögum og öðrum sem á þurfa að halda upplýsingar og gefa ráð varðandi nafngiftir býla og gatna. Á stofnuninni er enn fremur hægt að nálgast örnefnaskrár úr öllum landshlutum. Bæjanafnatal er birt á heimasíðu Árnastofnunar, www.arnastofnun.is/page/baejatal.

Hafið samband: **Emily Lethbridge, sími 525 4432, netfang emily. lethbridge@arnastofnun.is eða nafn@arnastofnun.is**

Nú telur sveitarstjórn að nafn sem henni hefur verið tilkynnt sé ekki í samræmi við reglur um nafngjafir eða nafngiftahefð eða óheppilegt af einhverjum ástæðum. Skal hún þá tilkynna það málsaðila svo fljótt sem auðið er og óska eftir nýrri tillögu um nafn á býlið. Þeirri tilkynningu skulu fylgja skýringar sveitarstjórnar á því hvað gerir nafnið óhæft eða óheppilegt og eftir atvikum leiðbeiningar um heppilegri nafngift. Málsaðili getur skotið málinu til Örnefnanefndar.

Skráning

Sjá reglugerð um skráningu staðfanga sem gefin er út af Þjóðskrá Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/srn/nr/0577-2017>



Akratorg á Akranesi.

2. Nöfn gatna

Ekki skal nota nöfn á götur innan sama bæjarfélags eða þéttbýliskjarna sem eru svo lík eða keimlík í framburði að hætt sé við ruglingi. Sjá enn fremur 12. gr. reglugerðar um skráningu staðfanga. Þá er mikilvægt að fylgja þeirri venju að raða götum í stafrófsröð innan nýrra hverfa til að auðveldi fólki að ná áfangastað með sem auðveldustum hætti, hvort sem um neyðartilvik er að ræða eða ekki. Um götunöfn gilda sömu viðmið varðandi staðhætti og örnefni (nafngiftahefð í landinu) og við nafngjafir býla. Hið sama gildir um nöfn á torgum, almenningsgörðum o.fl.

3. Breytingar á nöfnum býla

Breytingar á nafni býlis skal ekki leyfa nema alveg sérstaklega standi á, svo sem að býlið sé samnefnt öðru lögbýli innan hverfis eða því um líkt. Ekki skal breyta nöfnum á býlum, hvort sem er lögbýlum eða öðrum býlum þar sem fólk á lögheimili og skráð hafa verið hjá Þjóðskrá Íslands, nema með leyfi frá sveitarstjórn að höfðu samráði við Örnefnanefnd. Í beiðni til sveitarstjórnar skal eigandi skýra frá ástæðum þess að farið er fram á að eldra nafn býlis verði lagt niður og þeim ástæðum sem ráðið hafa vali á nýju nafni. Ávallt skal hugað að örnefnavernd í þessu samhengi og öryggissjónarmiðum.

Heimili sveitarstjórn nafnbreytingu skal hún senda tilkynningu þar að lútandi til Þjóðskrár Íslands. Ella sendir hún málsaðila tilkynningu um að beiðni hans sé hafnað.

Ráðgjöf

Sérfræðingar á nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (áður Örnefnastofnun Íslands) veita sveitarfélögum og öðrum sem á þurfa að halda upplýsingar og gefa ráð varðandi nafnbreytingar býla. Á stofnuninni er enn fremur hægt að nálgast örnefnaskrár úr öllum landshlutum. Bæjanafnatal er birt á heimasíðu Árnastofnunar, www.arnastofnun.is/page/baejatal.



Galtarholt í Hvalfjarðarsveit.



Skilti í Mjóafirði.

4. Ný sveitarfélög og breytingar á nöfnum sveitarfélaga

Um heiti sveitarfélaga fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum. Tillögu/tillögur að nafni sveitarfélags skal senda Örnefnanefnd til umsagnar og skal nefndin skila rökstuddu álitum innan þriggja vikna frá því að erindi berst.

5. Ágreiningur um örnefni

Örnefni í opinberum gagnagrunni

Rísi ágreiningur um örnefni í opinberum gagnagrunni geta málsaðilar vísað honum til Örnefnanefndar. Skal nefndin veita rökstutt álit svo fljótt sem auðið er.

Ný og breytt bæjanöfn, götunöfn o.fl.


Rísi ágreiningur um nýtt eða breytt bæjarnafn, götunafn eða annað það nafn sem notað er til skráningar á staðfangi geta málsaðilar vísað honum til Örnefnanefndar til úrskurðar.

Vegvísar

Örnefnanefnd úrskurðar um nöfn á skiltum opinberra aðila, sbr. lög um örnefni, 4. gr. c. Athugasemdum vegna nafna á skiltum skal beina til nefndarinnar.

Nöfn á náttúrufrýrbærum

Öðru hverju verða til ný náttúrufrýrbæri í landinu eða á landgrunni, m.a. vegna eldvirkni. Verði þörf á nafni á slíkt frýrbæri ber sveitarstjórn að hafa frumkvæði að nafngift að fenginni umsögn Örnefnanefndar (sbr. 7. gr. laga um örnefni nr. 22/2015). Að því búnu skal sú tillaga sem fyrir valinu verður send mennta- og menningarmálaráðherra til staðfestingar. Enn fremur skal senda tilkynningu um ný nöfn á náttúrufrýrbærum til Landmælinga Íslands.



Skaftafell.

Vert er að vekja athygli á samþykkt sérfræðingaráðs Sameinuðu þjóðanna á sviði örnefna (UNGEFN) um mannanöfn á náttúrufyrirbærum, þar sem ráðið leggst gegn því að nefna náttúrufyrirbæri eftir núlifandi fólki. Samþykkt VIII/2 í Berlín 2002: „Recommends that the appropriate national authorities discourage the use of personal names to designate a geographical feature during the lifetime of the person in question“.

<http://www.ngii.go.kr/portal/ungn/mainEn.do>

Leiðbeiningar þessar byggjast á lögum um örnefni nr. 22, 13. mars 2015. Leiðbeiningar má einnig nálgast á www.ornefnanefnd.is

ÖRNEFNANEFND

mars 2018

Laugavegi 13, 101 Reykjavík

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Skrifstofa Árnagarði við Sturlugötu, 101 Reykjavík
arnastofnun@arnastofnun.is



Landmælingar Íslands
Stíllholt 16-18
lmi@lmi.is